

Mál nr. 81/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Slys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 8. mars 2019 orðið fyrir slysi þegar hún var að ganga út í bíl eftir leiksýningu hjá X. Slysið varð með þeim hætti að skór hennar festist í holu þar sem hafði brotnað upp úr stétt fyrir framan leikhúsið. M telur X bera skaðabótaábyrgð á slysinu þar sem aðstæður hafi verið ófullnægjandi. Útisvæðið hafi átt að vera upplýst og búið að lagfæra þær hellur sem gætu valdið slyshættu. Hafi öryggi leikhúsgesta því ekki verið gætt. Vísað er til 14. gr. reglugerðar nr. 941/2022, um hollustuhætti, í þessu sambandi þar sem fram kemur að húsnæði skuli vera þannig gert og viðhaldið, umgengið og þrifið að þeir sem þar dveljast, starfa, eða nálægir íbúar, hljóti ekki heilsutjón eða óþægindi af.

V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að slysið sé ekki að rekja til atriða sem X beri ábyrgð skaðabótaábyrgð á. Í bréfi V kemur fram að það telji stéttina ekki hættulega og ekki hafi áður orðið slys svo vitað sé né ábendingar um umrædda holu. Þá fellst félagið ekki á að útisvæðið hafi ekki verið nægilega upplýst þar sem fjöldi ljósastaura séu meðfram bílastæðinu.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýst um það hvort X beri skaðabótaábyrgð á því að M hafi dottið fyrir framan leikhúsið. Í gögnum málsins er mynd af stéttinni og holunni sem hæll M festist í. Af myndum má sjá að það eru ljósastaurar á og við stéttina. Samkvæmt gögnum málsins er lýsingin í samræmi við hönnun og hefur verið óbreytt frá því gengið var frá lóðinni. Almenn er ekki hægt að útiloka að það brotni upp úr stéttum eða að misfellur séu á yfirborði og í þessu tilviki er ekki hægt að líta svo á að misfellan hafi verið meiri en almennt má búast við enda um lítið brot upp úr stétt er að ræða. Með vísan til þess er slys M því ekki rakið til saknæmrar eða ólögðrar háttsemi X, starfsmann þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð. Kröfu M er því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir